

Sp.

548. Nefndarálit

[68. mál]

um till. til þál. um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hluti n. til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að hún verði samþykkt.

Sjálfsgagt hefur það ekki verið meining þeirra, sem að bátagjaldeyrinum stóðu — og standa enn, að leggja um leið stein í götu annarra atvinnuvega í landinu, en það er þó gert nú með ýmsum þeim ákvæðum sem í gildi eru um bátagjaldeyrinn. Nokkur hráefni og vélar til iðnaðar eru með álagi þessu gerð svo óhóflega dýr, að sú framleiðsla, sem við slíkt á að búa, er sett til hliðar í eðlilegri samkeppni. Þetta vill minni hl. n. að lagað verði, eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Alþingi, 25. marz 1954.

Emil Jónsson.